

PRÓFFRÆÐI OG MÆLINGAR Í SÁLFRÆÐI

E-411-PRMA



Ár: 3. ár.

Önn: Vorönn.

Tegund námskeiðs: Skylda (kjarnanámskeið).

Undanfarar: 1. ár í BSc-námi í sálfræði.

Skipulag: 4 stundir á viku í 12 vikur.

Kennari: Magnús Blöndahl Sighvatsson.

Lýsing: Í námskeiðinu almennt er fjallað um fræðin sem liggja að baki mælinga og mati á getu manna, greind, persónuleika og fleiri þáttum í fari þeirra, sem og að gefa nemendum hagnýta þjálfun í gerð, fyrirlögn og úrvinnslu prófa. Farið verður djúpt í merkingu og notkun tveggja grunnhugtaka mælinga og prófa, það er áreiðanleika og réttmætis, í mismunandi tegundir þeirra sem og hvernig og hvenær hverri tegund er beitt. Þá verður á námskeiðinu farið í helstu svið sálfræðilegra prófa, það er greindarpróf, persónuleikapróf, klínískt mat og nokkrar aðrar aðferðir við að meta getu manna, t.d. í atvinnulífi. Þá verður lögð áhersla á gerð prófa, fyrirlögn, stöðlun, úrvinnslu og túlkun, með aðaláherslu á sálfræðileg próf.

Lærdómsviðmið: Að námskeiðinu loknu á hver nemandi að geta:

Þekking

- Fjallað um mælingar almennt og í hverju það felst að undirbúa, leggja fyrir, vinna úr og túlka próf.
- Rætt um mælingar í sögulegu samhengi.
- Vitað hvernig á að reikna áreiðanleika og sagt hvaða stuðull hæfir hverju sinni.
- Sagt hvað réttmætisgreining er og hvenær hún eigi við.
- Lýst mismunandi tegundum réttmætis.
- Þekkt mismunandi sálfræðipróf á sviði uppeldis-, persónuleika-, vinnu- og klínískrar sálfræði.
- Sagt frá mismuninum á hefðbundinni prófafræði, svarferlalíkönnum og líkönnum yfirfærslukenningar og valið hvert hæfir hverju sinni.

Leikni

- Reiknað áreiðanleika og geta sýnt fram á réttmæti.
- Gert atriðagreiningu, þar á meðal „point-biserial“-fylgni, reiknað atriðabyngd, virkni rangra svarkosta, reiknað rétta tengslastuðla og notað þessar upplýsingar til að meta spurningar sem þeir hafa búið til.
- Metið hvort tiltekin próf hæfi þar sem ætlunin er að leggja þau fyrir.
- Reiknað niðurstöður þar sem svarferlalíkönnum er beitt á tvíkostagögn og túlkað þær.
- Beitt forritinu SPSS í einfaldri greiningu gagna.

Hæfni

- Metið hvort sálmælingarlíkan dugir miðað við stærð úrtaks og það sem mæla á.
- Gert sálmælingar- og réttmætisgreiningu.
- Valið rétt próf miðað við þýði próftaka, rannsóknarspurningu og það sem á að meta.

Námsmat: Verkefni, hlutapróf og lokapróf.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og verkefni.

Tungumál: Íslenska.